

Vestmannaeyjabær  
Kirkjuvegi 50  
Pósthólf 60  
900 VESTMANNÆYJAR

Garðabær, 8. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0079  
BK

### Efni: Athafnasvæði AT-4 við Ofanleitisveg - Breyting á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 22. janúar 2024, þar sem Vestmannaeyjabær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi vegna athafnasvæðis AT-4 við Ofanleitisveg.

Lóðarhafar við Ofanleitisveg 26 hafa óskað eftir að breyta aðalskipulagi þannig að lóð þeirra verði skilgreind sem hluti af nærliggjandi athafnasvæði (AT-4) í stað frístundabyggðar (F-1).

Stefnt er að því að byggja 20 geymslubíl í þremur aðskildum húsum á lóðinni.

Einnig er gert ráð fyrir að mörk athafnasvæðisins breytist þannig að það nái að hluta til að flugvallarsvæði (FV-1) og að landbúnaðarsvæði (L-4) minnki sem því nemur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna enda um að ræða lítið svæði skammt frá flugbraut og öðrum mannvirkjum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

